



Elíja Sólrún

Er litid mein yfirtök líf mitt



Bók þessi er tileinkuð lífinu og dóttur minni, Sif, sem hvatti mig til að skrifa um reynslu mína af brjóstakrabbameini.



JD



E Formáli

Aukaverkanir hinna ýmsu krabbameinslyfja eru mjög breytilegar og fólk þolir þær misjafnlega vel eða illa. Í mínu tilfalli varð líðanin ákaflega slæm og ég hef hitt konur sem hafa svipaða reynslu. Ég á mér ósk um að frásögn mín geti stuðlað að betri skilningi á líðan og þörfum fólks sem lendir í þeim hörmungum að greinast með krabbamein og fá miklar aukaverkanir vegna meðferðar. En ég samgledst öllum sem fá litlar og jafnvel engar aukaverkanir. Markmiðið er alltaf eitt, að sigrast á meininu.



JD



Haust

Ég sit úti á svölum í sól og yl. Það er einn af þessum yndislegu septemberdögum þegar tíminn stendur kyrr, sumarið vill ekki kveðja og hunangsflugurnar suða enn og leita sér að drykk í fölnandi blómunum. Ég dreypi á rauðvínsglasinu, dorma í sólinni og nýt þess að vera til. Kisan mín hún Perla liggur undir stól í skugganum og horfir á mig með öðru auganu. Ég á yndislega fjölskyldu og skemmtilega vini sem eru alltaf til í eitthvert fjör. Ég lifi bara nokkuð góðu lífi, ég er hamingjusöm. Pósturinn kemur, ég heyri bréfalúguna skella. Ég á von á bréfi svo ég stend upp. En það eina sem liggur á gólfinu er miði frá Krabbameinsfélaginu, boð um að koma í eftirlit. „Æi, ég nenni því ekki, er alltaf í þessu eftirliti.“ Ég set miðann á borðið og sest aftur út í sólina. Í vestri eru dökk ský að hrannast upp.



JD



Miðinn

Miðinn vill ekki í ruslið og er búinn að þvælast á borðinu í mánuð. Það er eins og einhver sé að ýta á mig og segja mér að ég skuli fara svo ég panta tíma og dríf mig af stað. Eftir nokkra daga er hringt og rödd í símanum segir: „Lilja, það þarf að endurtaka myndatökuna. Geturðu komið á morgun, best að ljúka þessu af.“ Eitthvað er öðruvísi en vanalega, ég er beðin um að hinkra og síðan kölluð aftur inn. Það bíða tveir læknar eftir mér til að taka sýni úr æxli sem kemur í ljós utarlega í hægra brjóstinu.

„Við hringjum í þig þegar niðurstaðan liggur fyrir.“ Ég fer heim og hugsa að þetta sé ekkert til að velta sér upp úr því ég hef oft fengið blöðruæxli og ég er ekki með krabbamein, ekki ég. En ég finn samt æxlið núna. Það er mjög lítið.